

Nd.

377. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólms-
hreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá hv. Ed. Nefndarálit efri deildar á þingskj. 224 fer að mestu leyti í þá átt, að sýna fram á, að jarðir þessar sjeu alt of lágt metnar (10000 kr.), og meðal annars vegna nálægðar við kaптúnið Stykkishólms-
»og vaxandi þarfir þess fyrir landsnyttjar á þessum stað, virðist tæplega geta komið til mála, að selja jarðirnar fyrir öllu minna en 20 þúsund krónur« og fellst nefndin á það.

Mál þetta er rækilega undirbúið. Með ítarlegu erindi til Alþingis frá kaupbeiðanda, oddvita Stykkishólmshrepps fyrir hönd hreppsfjelagsins, eru 8 fylgiskjöl um málið, þar á meðal matsgerð dómkvaddra manna ásamt allnákvæmri lýsing jarðanna, sem síðan 1911 hafa verið sameinaðar í eitt býli. Nefndin hefir rækilega athugað skjölin og auk þess haft tal af nákunnugum og skilríkum manni, og ber frásögn hans um kosti og galla jarðarinnar vel heim við það, er skjölin bera með sjer. Það dylst ekki, að þjóðeign þessari, er skoða má nú sem eina heild, hefir um nokkuð langt tímabil farið heldur hnignandi og að það er rjett, er segir í erindi kaupbeiðanda, »að verðgildi hennar byggist mestmegnis á landsnyttjarþörf Stykkishólms«. Þær landsnyttjar, er sjerstaklega koma hjer til greina, eru gott og varanlegt mótak og allmikið beitarland, hentugra þó fyrir sauðfje en stórgripi.

Til annara almenningsnota nje embættisbústaðar virðist jörðin eigi vel fallin; þó leyfir nefndin sjer að vekja athygli hæstvirtrar landsstjórnar á því, hvort eigi mundi tiltækilegt, þegar um kaupin verður samið, að dýralækni, bú-

settum í Stykkishólmi, væri trygð grasnyt af Sellóni gegn sömu leigu og aðrir bjóða.

Nefndin mælir eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Einar Árnason,
fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson, Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson.
ritari.